

Íslenskur iðnaður

SI Fréttablað Samtaka iðnaðarins

9. tbl. • 11. árg. • September 2005

Marorka ehf. hlýtur verð- laun fyrir orkustjórnunar- kerfið Maren 2



Höskuldur H. Ólafsson að-
stoðarforstjóri
Eimskipa af-
hendir Jóni
Ágústi Þor-
steinssyni
verðlaun fyrir
Orkustjórnunar
kerfið Maren 2.
Sjá nánar bls. 4

Símenntunardagur í fyrirtækjum er 29. september

Vika símenntunar er haldin dagana 25. - 30. september.

Að þessu sinni er lögð áhersla á að bæta menntun fólks með litla formlega menntun en einnig verður lögð áhersla á þjónustu við eftirspurn eftir menntun á landsbyggðinni.

Símenntunardagur í fyrirtækjum er 29. september. Eru fyrirtæki hvött til að tileinka þann dag fræðslumálum starfsmanna, t.d. með því að kynna þeim fræðslustefnu fyrirtækisins eða efna til námskeiða. Einnig er tilvalið að fá aðila, sem halda námskeið, í heimsókn í vikunni með kynningar eða örnámskeið fyrir starfsmenn. Vikan býður líka tækifæri til að fá fulltrúa stéttarfélaganna til að heimsækja fyrirtæki og kynna með hvaða hætti þau styðja við símenntun félagsmanna sinna.

Nánari upplýsingar um Viku símenntunar gefur Mennt (www.mennt.is), í síma 599 1440.

Meðal efnis:

Ritstjórnargrein bls. 2
Skynsamleg ákvörðun



Efnahagsmál bls. 3
Er vaxtastefna Seðlabankans gjaldþrota?

Á Íslensku bls. 4
sjávarútvegssýningunni
Viðtöl við félagsmenn



Matartími bls. 7
Kaupstefna 2005



Gagarín á beinni braut bls. 8-9
Viðtal við Guðnýju Káradóttur



Sýningin Verk og vit 2006 bls. 10
Íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð


Verk og vit 2006

Ísland eyðir mest bls. 12
OECD-ríkja
Byggt á frétt frá Hagstofu Íslands

Hallærisgóðæri!

Skynsamleg ákvörðun

Eftir að netbólan svokallaða sprakk hafa verið afar mögur ár hjá nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum hér á landi. Áhættufjárfestar kipptu að sér hendinni og hafa undanfarin þrjú ár forðast óskráð fyrirtæki eins og brennd börn sem forðast eldinn. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins (NSA) fór ekki varhluta af þessum vandræðum og hefur undanfarin ár átt fullt í fangi með að styðja við bakið á þeim fyrirtækjum, sem hann hafði áður fjárfest í, meðan aðrir hafa haldið að sér höndum.

Nýsköpun í svelti

Samtök iðnaðarins hafa bent á hversu mikilvægt það er að hlúa að vænlegum vaxtarbroddum í atvinnulífinu. Þróun fjármagnsmarkaðar hefur vissulega verið ör hér á landi en á sviði fjármögnunar nýsköpunar- og sprotafyrirtækja hefur orðið alvarlegur markaðsbrestur. Þar sem oft tekur 10 til 15 ár að byggja upp hátæknifyrirtæki er það alvarlegt mál fyrir stuðningsumhverfið og fjárfesta ef nýsköpun í atvinnulífinu stöðvast vegna þess að fjármagn vantar þótt tækifærin séu fyrir hendi.

Ný og arðbær störf

Kannanir sýna að við höfum staðið höllum fæti í samanburði við aðrar þjóðir þegar metinn er aðgangur nýsköpunar-fyrirtækja að áhættufjármagni en sömu kannanir sýna einnig að í þjóðinni býr mikill sköpunarkraftur og frumkvöðlaandi. Þessa krafta þarf að virkja því að þeir eru forsenda hagvaxtar í framtíðinni. Ný og arðbær störf þarf til að fylla í skörðin á tímum alþjóðlegrar samkeppni og hnattvæðingar. Allar þjóðir keppa að því að skapa ný og arðbærari störf í stað þeirra sem glatast í alþjóðlegri samkeppni. Takist það hagnast þær á hnattvæðingunni.

Skynsamleg ákvörðun

Það er afar ánægjulegt að ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að verja samtals 2,5 milljörðum króna af söluandvirði Landsímans til þess að efla Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins (NSA). Raunar má segja að allur ferillinn við sölu og ráðstöfun söluandvirðis Símans hafi verið afar vel ígrundaður en það lýsir sér best í því að um þetta mál virðist ríkja alger sátt hjá þjóðinni og hefur þó oft verið deilt um smærri mál en þetta. Þörf NSA fyrir nýtt fé er brýn. Stjórn sjóðsins hefur talið nauðsynlegt að sjóðurinn fái þrjá milljarða króna, á næstu tveimur til þremur árum til þess að geta sinnt verkefnum sínum, annars vegar til að verja eldri fjárfestingar og hins vegar til beinna fjárfestinga í nýjum fyrirtækjum.

Samstarfsverkefni atvinnulífs og ríkisvalds

Nýsköpunarsjóður var í upphafi byggður upp af þeim hluta

eiginfjár fjárfestingarsjóða sjávarútvegs og iðnaðar sem atvinnulífið var talið eiga. Þar sem erfitt reyndist að sýna fram á formlegt eignarhald að þessum fjármunum varð niðurstaðan sú að sjóðurinn yrði að nafninu til í eigu ríkissjóðs eftir þeirri gömlu reglu að „það sem enginn á það á kóngurinn.“ Hins vegar leggur ríkissjóður nú til verulegt fjárframlag í sjóðinn og innsiglar með þeim hætti samstarf ríkisvalds og atvinnulífs um þetta mikilvæga málefni. Því ber að fagna.



Öðrum fjárfestum opnuð leið

Stjórn NSA hyggst stofna til sérstakra framtakssjóða með öðrum aðilum til þess að leggja fé í nýsköpun. Í fyrstu umferð hefur einkum verið horft til lífeyrissjóða í því sambandi. Viðræður hafa leitt í ljós skýran vilja af hálfu lífeyrissjóða til þess að koma að stofnun sjóðs eða sjóða. Hins vegar eru nokkur atriði sem verður að breyta ýmist strax eða síðar til þess að framtíðarsýn um öflugt samstarf NSA og lífeyrissjóðanna geti orðið að veruleika.

Nokkur atriði sem lagfæra þarf

Nú ríður á að ríkisstjórnin fylgi eftir farsælli ákvörðun með því að lagfæra ýmislegt í regluumhverfi sjóðsins til þess að fjárframlög til hans nýtist sem best og laða að aðra fjárfesta til þess að efla nýsköpun í landinu. Stjórn NSA hefur kynnt stjórnvöldum tillögur í þessum efnunum sem ekki fela í sér neinar stórvægilegar breytingar en eru engu að síður nauðsynlegar. Þær lúta að sjálfstæði sjóðsins, t.d. varðandi launakjör starfsmanna og reglur um hámarkseignarhlut NSA í framtakssjóðum. Þá má benda á að í lögum er að finna verulegar takmarkanir á aðkomu lífeyrissjóða að fjárfestingarsjóðum af þessu tagi en skv. lögum mega þeir ekki eiga meira en 15% í slíkum sjóði það er augljóst að eftir því sem lífeyrissjóðum fækkar og þeir stækka kemur þetta ákvæði í veg fyrir að lífeyrissjóðir geti komið með myndarlegum hætti að sérstökum félögum sem fjárfesta í nýsköpun. Þá er laga-rammi um sérhæfð fjárfestingarfélög (samlagsfélög) af því tagi, sem hér um ræðir, ófullnægjandi hér á landi, einkum að því er varðar skattalega meðferð þegar í hlut eiga skattfrjálsir aðilar á borð við NSA og lífeyrissjóðina.

Takist að færa þau atriði, sem rakin hafa verið hér að framan í það horf sem óskað er eftir, eru allar líkur á að í hönd fari nýir og bjartari tímar hvað varðar aðgang nýsköpunar-fyrirtækja að áhættufjármagni.

Sveinn Hannesson

Er vaxtastefna Seðlabankans gjaldþrota?

Verðbólga mælist nú 4,8% sem er nokkuð yfir efri þolmörkum Seðlabanka Íslands og langt frá verðbólguþolmiðinu. Allir mælikvarðar á umfang efnahagslífsins eru í botni hvort sem lítið er til einkaneyslu, fjárfestinga, skuldaföfnunar, viðskiptahalla, fasteignaverðs, hlutabréfaverðs eða gengis íslensku krónunnar. Staðan er til marks um gífurlegan uppgang á skömmum tíma, meiri en flesta óraði fyrir. Atvinnuleysi er í lágmarki og kaupmáttur hefur vaxið mikið. Þrátt fyrir mikinn uppgang eru blikur á lofti.

Í viðleitni sinni til að sporna gegn ofpenslu hefur Seðlabanki Ísland hækkad vexti skarplega undanfarið ár en haft lítið erindi sem erfiði þar sem verðbólgan stafar að mestu af fasteigna- og olíuverðshækkunum. Stýrivextir hafa þar engin áhrif. Árangur Seðlabankans kemur fyrst og fremst fram í mikilli styrkingu á gengi krónunnar með tilheyrandi skerðingu á samkeppnisstöðu útflutningsgreina. Háir stýrivextir á Íslandi hafa laðað að spákaupmenn sem nýta sér mikinn vaxtamun og ýta þannig enn frekar undir styrkingu krónunnar. Lækkandi innflutningsverð og mikil samkeppni á vörumarkaði hafa vissulega haldið aftur af verðhækkunum en á móti hefur heildareftirspurn vaxið gífurlega og aukið spennu í hagkerfinu.

Stýrivöxtum Seðlabankans er líka ætlað að draga úr útlánum og einkaneyslu. Sterkt gengi krónunnar hefur á hinn bóginn kynt undir einkaneyslu og þannig vinna stýrivextir í raun gegn eigin markmiði. Lögum samkvæmt þarf Seðlabankinn að gera ríkisstjórn grein fyrir hvernig hann hyggst ná verðbólgu niður á ný. Eins og staðan virðist nú


vera er bankinn ófær um að ná því markmiði. Ástæðan er sú að stýrivextir eru þegar orðnir mjög háir og gengi krónunnar er afar sterkt. Ójafnvægið í íslenskum þjóðarþúskað verður ekki leiðrétt nema með gengisfalli krónunnar. Slík gengisleiðrétting er hins vegar ómöguleg án verðbólguþolmiðs líkt og gerðist árin 2001-2002. Frekari vaxtahækkun mun í besta falli spenna gengi krónunnar hærra og fresta aðlögun þjóðarþúskaðs að nýju jafnvægi. Á meðan blæðir útflutnings- og samkeppnisgreinum.

Íslensk efnahagsstjórn virðist einfaldlega ekki ráða við uppbyggingu af því tagi sem nú á sér stað á Íslandi. Henni verður þó ekki kennt um heldur skrifast ástandið á efnahagsumhverfið með veikbygðaða krónu sem okkar helsta vandamál. Það er óásættanlegt að útflutningsfyrirtæki skuli bera skaða af þessum mikla uppgangi. Seðlabankinn hefur af veikum mætti reynt að sporna gegn ofpenslu án stuðnings hins opinbera en viðnámið hefur gert lítið annað en að auka viðskiptahalla, örva einka-

neyslu og spenna upp gengi krónunnar. Ekki verður annað séð en að vaxtastefnan sé komin í þrot.

Bjarni Már Gylfason

Samband einkaneyslu og stýrivaxta



Háir vextir eiga alla jafna að draga úr einkaneyslu og hvetja til sparnaðar. Með háum vöxtum má þannig draga úr þenslu. Þessu virðist vera öfugt farið hérlandis. Hækkun vaxta styrkir gengi krónunnar og kyndir undir aukinni neyslu eins og glögglega má sjá á vexti einkaneyslu frá því að Seðlabankinn hóf vaxtahækkunarferli sitt um mitt ár 2004.



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
9. töl. September 2005
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 23.09.2005
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Iðjuberg
Ljósmyndir: Odd Stefán

Útgefandi: Samtök iðnaðarins,
Borgartúni 35, 105 Reykjavík
Sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjórn og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmiðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmiðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

Á Íslensku sjávarútvegssýningunni

Íslenska sjávarútvegssýningin, sem haldin var með glæsibrag í Smáranum dagana 7. til 10 þessa mánaðar, var fjölsótt og þótti takast með ágætum. Sýnendur voru hátt á áttunda hundrað, þar af um 500 erlendir, en gestir voru um 19 þúsund talsins eða heldur fleiri en á sams konar sýningu árið 2002.



Haraldur Árnason, framkvæmdastjóri veiðarfæradeildar Hampiðjunnar

Bylting í gerð flottrollshlera

Hampiðjan hefur þróað nýja gerð nýja gerð flottrollshlera sem nefnast Opex og voru kynntir á sýningunni. Haraldur segir hler-

ana, sem smíðaðir eru úr næloni og stáli, vera byltingarkennda. Helstu kostir þeirra séu að þeir eru bæði miklu léttari og hafa mun meiri togkraft en þeir hlerar sem nú eru á markaði. Þar með sparist umtalsverð orka eða 20-30%. Hlerarnir eru aðeins 7 fermetrar að stærð en hafa sama kraft og 12 til 13 fermetra hlerar. Haraldur segir að með tilkomu nýju hleranna geti minni skip nýtt stærra veiðarfæri og ná þar með meiri veiðigetu en stærra skip geti annaðhvort komist yfir stærra svæði eða sparað olíu.

Hampiðjan kynnti einnig nýja gerð af Gloríutrolli sem einnig hefur vakið mikla athygli hjá útgerðarfyrirtækjum þar sem tilraunir benda til þess að skip, sem það nota, veiði meira og noti minni olíu.

Jón Guðmundsson, fjármálastjóri Borgarplasts hf.

Um 100 þúsund fiskiker í umferð

Á sjávarútvegssýningunni kynnti Borgarplast helstu framleiðsluvörur sínar sem eru vörubretti, fiskiker úr plasti af ýmsum stærðum og frauðplastkassar undir fisk sem sendur er utan með flugi. Jón Guðmundsson, fjármálastjóri Borgarplasts, segir að markaðshlutdeild fyrirtækisins sé yfir 80% hér á landi. Útflutningur á fiskikerum og plastbrettum nemur um 15% af framleiðslunni og Jón segir útflutninginn fara vaxandi einkum til Japans og Filippseyja. Hann segir að gríðarleg þróun hafi orðið í notkun fiskíkera því að þau sé nú að finna í öllum íslenskum fiskiskipum og um 100 þúsund slík ker séu í umferð hér á landi. Mest sé um



Allmargir félagsmenn Samtaka iðnaðarins kynntu þar framleiðslu sína og þjónustu. Blaðamaður Íslensks iðnaðar lagði leið sína til nokkurra þeirra til að forvitnast um hvað þeir hefðu um sýninguna að segja. Þeir voru á einu máli um að aðsókn hefði verið með ágætum fyrsta degi og töldu að sýningin ætti eftir að skila þeim góðum árangri.

460 lítra ker sem taka um 300 lítra af fiski. Áður voru kerin talsvert stærra en þá áttuðu menn sig á því að mun betur fór um fiskinn í minni kerum. Þess má geta að Borgarplast varð fyrst íslenskra fyrirtækja til að hljóta vottunina ISO-9001 sem er umhverfisstjórnunarstaðall.



Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri og Arne Davids Marorka ehf.

Marorka ehf. hlýtur verðlaun fyrir orkustjórnunarkerfið Maren 2

Hátækniyrirtækið Marorka hlaut verðlaun fyrir bestu nýju framleiðsluna á Íslensku sjávarútvegssýningunni fyrir orkustjórnunarkerfið Maren 2 sem var kynnt í fyrsta sinn á sýningunni. Halldór Ásgrímsson, forsætisráðherra, afhjúpaði Maren 2 að viðstöddum fjölda gesta bæði innlendra og erlendra.

Jón Ágúst Þorsteinsson, framkvæmdastjóri Marorku segir að Maren 2 sé heildstætt kerfi sem felst í vélbúnaði, mælubúnaði og hugbúnaði og sé hið eina sinnar tegundar í heiminum. Það er bæði ætlað fiskiskipum og flutningaskipum en sérstaða þess felst í að lágmarka orkunotkun skips óháð aðstæðum.

Að sögn Jóns hafa lausnir Marorku vakið mikla athygli hér á landi sem erlendis. Fyrirtækið sækir ört fram og hefur unnið fyrir mörg leiðandi fyrirtæki í Evrópu og Kanada. Jón segir stærsta verkefni Marorku til þessa vera uppsetningu á Maren 2 í nýju kúffiskveiðiskipi kanadísks útgerðarfyrirtækis

og nýlega var gerður samningur við hollenskt útgerðarfyrr-tæki um að setja Maren 2 upp í vinnsluskipti.

Jón Ágúst þakkar árangurinn m.a. þrotlausri þróunarvinnu og árangursríku samstarfi við ólíka aðila og með mikilvægum styrkjum til rannsókna og vöruþróunar. Þar nefndi hann sérstaklega Rannís, AVS og Íslandsbanka.

„Þessir styrkir og sá stuðningur er forsenda þess að Marorku hefur tekist að komast gegnum vöruþróunarkerfið,“ sagði Jón Ágúst.



Ingólfur Árnason,
framkvæmdastjóri
Skagans hf.

Ný tækni sparar vinnuafli og eykur gæði fiskflaka

Helsta skrautfjöður Skagans á sjávarútvegssýningunni var ný vatnsskurðarvél

sem Festi- Fiskvinnsla ehf. í Hafnarfirði hefur þegar fest kaup á fyrir um 100 milljónir króna. Áætlað er að vatnsskurðarvélin spari allt að 12-15 störf við hefðbundnar vinnslulínur. Auk þess að spara vinnuafli eykur hin nýja vinnsluáferð gæði vörunnar að sögn Ingólfs Árnasonar, framkvæmdastjóra Skagans. „Galdurinn er sá, segir Ingólfur,“ að hætta að nota hníf og styrkja flakið með mikilli kælingu til þess að geta skorið það með vatnsskurðartækni. Flakið er kælt niður í eina gráðu og er þá mitt á milli þess að vera ferskt og fryst. Síðan er flakið skannað og til að finna beinin, sem eru skorin frá og flakið síðan roðflett. Handavinna er því mikið til úr sögunni. Eftir að flakið hefur verið roðflett fer það í lokasnyrtingu og þar tekur starfsmaður við, losar flakið og fjarlægir orma ef þess gerist þörf.



Þór Þórsson, eigandi Véla- og skipaþjónustunnar Framtaks

Stórverkefni á Reykjanesi

Fyrirtækið Framtak kynnti fjöldann allan af tólum og tækjum, þ.á.m. hafnarkrana með öllu

tilheyrandi, síur, dælur og afréttingaklossa svo að nokkuð sé nefnt.

Þór Þórsson, talsmaður Framtaks á sýningunni, sagði að fyrirtækið sinnti fyrst og fremst viðhalds- og viðgerðarþjónustu af ýmsu tagi og sérhæfði sig í því. Framtak var upphaflega byggt upp sem þjónustufyrirtæki fyrir sjávarútveginn en hefur verið að færa sig inn á virkjanamarkaðinn. „Fyrirtækið er með stórt verkefni í takinu á Reykjanesi fyrir Hitaveitu Suðurnesja,“ segir Þór „og sér þar svo að segja um

uppsetningu á vélbúnaði fyrir heila virkjun allt frá borholu og inn í hús. Gert er ráð fyrir að um 100 manns vinni við það verkefni á vegum Framtaks. Þá er unnið að allstóru verkefni í álveri Alcans í Straumsvík og ennfremur er að hefjast viðhaldsverkefni á Nesjavöllum.“ Þá gat Þór þess að um þessar mundir væri fyrirtækið að setja upp vatnslagnir fyrir bjór- og gosdrykkjaframleiðslu fyrir Ölgerðina Egil Skallagrímsson.

Porkell Jónsson,
framkvæmdastjóri
Sameyjar ehf.

Þjarki og þurrkerfi

Fyrirtækið Samey hefur aðallega sérhæft sig í lausnum fyrir fiskþurrkun en það sem einkum vakti athygli í bús fyrir-



tækisins á sjávarútvegssýningunni var svonefndur iðnaðarþjarki. Porkell Jónsson, framkvæmdastjóri Sameyjar, sagði að fyrir 6 árum hefði fyrirtækið byrjað að selja þjarka sem ætlað væri að vinna þau störf sem þykja einhæf, óþrífaleg og lýjandi svo sem að raða skyrdósum í kassa og þungum kössum á bretti en slíkum störfum færi jafnt og þétt fjölgandi. „Við seljum þjarkana bæði hér á landi og erlendis en veitum auk þess alhliða þjónustu t.d. varðandi fiskþurrkun. Samey hefur þróað og byggt upp stýribúnað og stjórnkerfi sem gerir framleiðendum kleift að stjórna þurrkuninni nákvæmlega og ná fram jafnari gæðum á framleiðslunni.“

Hermann Kristjánsson,
framkvæmdastjóri Vaka DNG hf.

Ný flokkunarvél fyrir fiskeldisstöðvar

Hermann sagði að á sýningunni legði Vaki fyrst og fremst áherslu á að sýna vélbúnað fyrir fiskeldi. Búnaðurinn telur og stærðarmælir þors fyrir fiskeldisstöðvar. Þótt framleiðslan sé aðallega



flutt út eru íslenskar fiskeldisstöðvar einnig í hópi viðskiptavina Vaka. „Við kynnum mælingavél hér á sýningunni en erum einnig með flokkunarvél sem er ný af nálinni og flokkar fiskinn eftir stærð.“ Hermann sagði að þegar hefði gengið frá einum samningi á sýningunni en yfirleitt væri ekki mikið um að sala ætti sér stað á sýningum. Þar kynntu væntanlegir kaupendur sér það sem stæði til boða en samningar væru gjarnan gerðir í kjölfar slíkra sýninga eða þá að þar væri rekinn endahnútur á viðskipti.



Viðar Erlingsson, vinnur við vöruþróun hjá Marel hf.

Nýjar og framsæknar lausnir fyrir fiskiðnað

Á sýningunni kynnti Marel nýjar og framsæknar lausnir fyrir

fiskiðnaðinn á sviði flokkunar, bitaskurðar, snyrtingar og þökkunar. Þjarki sem Marel hefur hannað vakti mikla athygli en hönnun hans er hluti af þróunarverkefni sem unnið hefur verið hjá Marel að undanförmu. Viðar segir að þjarkinn marki tímamót að því leyti að hann leysi mannshöndina að miklu leyti af hólmi við skömmtnun og þökkun fisk- og kjötafurða. Hann bætir við að tæknin leysi þó mannshöndina aldrei af hólmi að fullu en yfirleitt sé það þannig að þegar fyrirtæki fjárfesti í tækjum eins og þjarkanum stækki þau og starfsmenn hverfi úr einhæfum og erfiðum störfum og fái þægilegru og betur launuð störf í staðinn.

Marel sjónflokkarinn Vision Grader, sem einnig var kynntur á sýningunni, er útbúinn háþróaðri tölvusjón sem flokkar hráefnið eftir þyngd og lögun. Þá má nefna skurðarvél sem einnig byggist á tölvusjón og sker matvæli í bita eftir formi og þyngd. Vélin hefur hugbúnað sem hámarkar verðmæti hráefnis og er notuð í fisk- og kjúklingavinnslu víða um heim.



Páll Sigvaldason, framkvæmdastjóri Tempru hf.

Umbúðir sem tryggja gæði hráefnisins

Páll segir að Tempra sé leiðandi fyrirtæki á íslenskum markaði á sviði framleiðslu á


umbúðum og húsaeinagrunarefni úr frauðplasti. Hann segir starfsfólk fyrirtækisins búa yfir víðtækri þekkingu um hvort tveggja og hafi langa reynslu af veita ráðgjöf við að leysa ýmis vandamál bæði hvað varðar umbúðir og einangrun húsa.

Umbúðaframleiðsla Tempru er í formi frauðplastkassa af ýmsum stærðum fyrir ferskmeti. Kassarnir eru sérhannaðir með íslenskan markað í huga en Tempra býður einnig mikið úrval fylgihluta sem gera flutning ferskra afurða bæði þægilegan og öruggan og tryggja því að gæði hráefnisins haldist allt til leiðarenda.

Einangrunarefnið, sem Tempra framleiðir fyrir hús, er einnig úr frauðplasti og Páll segir að það efni njóti æ meiri vinsælda hér á landi enda sé það ódýrt og þægilegt í uppsetningu.

Þóra Kristín Jónsdóttir tók saman

Atvinnuleysi minnkar hratt



Atvinnuleysi á Íslandi hefur minnkað hratt það sem af er árinu og mælist nú aðeins 1,8%. Atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu er nokkru meira en á landsbyggðinni eða 2,1% samanborið við 1,4%. Horfur eru á atvinnuleysi minni enn frekar með haustinu þegar skólafólk hverfur af vinnumarkaði. Gera má ráð fyrir að atvinnuleysi mælist aðeins 1,6% í september og hefur þá ekki verið minna á þessum árstíma síðan 1999. Horfur eru á atvinnuleysi verði mjög lítið út næsta ár en vaxi lítillega þegar hægir á núverandi uppsveiflu.

Skýrsla um kanadíska upplýsingatæknimarkaðinn

Kanadíska ráðgjafafyrirtækið Branham Group Inc. hefur nýlega lokið við gerð skýrslu sem á að nýtast sem leiðbeining fyrir upplýsingatæknifyrirtæki sem hyggja á markaðssókn til Kanada. Samkvæmt upplýsingum frá ráðgjafafyrirtækinu veitir skýrslan upplýsingar um kanadískt viðskiptaumhverfi með sérstaka áherslu á markað fyrir upplýsingatæknilausnir og hvernig best sé að standa að sókn á þann markað.

Nánari upplýsingar má finna á vefsetri fyrirtækisins, sjá: www.branhamgroup.com/article.php?cat=general&id=39 eða að hafa samband við Mark Douglas (mdouglas@branhamgroup.com) síma (613) 745-2282

Guðmundur Ásmundsson

Matartíminn - kaupstefna 2005



Biðröð við innganginn

Matartíminn - kaupstefna 2005 var haldin á Grand Hótel Reykjavík 14. september síðastliðinn. Kaupstefnan var með sama sniði og verið hefur undanfarin ár. Fyrirtæki í Samtökunum kynntu framleiðslu sína starfsmönnum mötuneyta og innkaupastjórum verslana og veitingastaða. Kynningin er ekki opin almenningi en aðeins tekið á móti boðsgestum.

Matartíminn er m.a. vettvangur fyrirtækjanna til að vekja athygli á nýjungum. Mjólkuriðnaðurinn kynnti að vanda ýmsar nýjungar. Mozzarella ostur er kominn á markað í nýjum umbúðum, ílögum rúllum til að skera í sneiðar og einnig sem litlar kúlur. Margir nýir jógúrtdrykkir voru kynntir og nýir ávaxtasafar. Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar kynnti kartöflusalöt sem komu á markaðinn í sumar og Borgarnes kjötvörur kynntu helgarsteik með indversku kryddi. Þá má nefna nýja rétti og ristun fræ frá Móður náttúru, nýjar sósúr frá Vogabæ og nýjar kaffiblöndur frá kaffiframleiðendum svo



Salatbarinn hjá Holt og gott

að fátt eitt sé nefnt. Nýir félagsmenn Samtakanna, Te og kaffi og Fjörfiskur kynntu vörur sínar nú í fyrsta sinn á Matartímanum.

Þátttaka í Matartímanum var nokkru minni en oft áður. Bæði voru sýnendur færri og gestir talsvert færri en oft hefur verið. Þó er rétt að taka fram að gestirnir voru nánast undantekningarlaust starfsmenn í eldhúsum eða við innkaup þannig að samskipti við sýnendur voru mjög markviss. Minni þátttaka gefur þó vissulega tilefni til að hugleiða um það hvort tími sé til kominn að breyta til og hvort þetta form á kynningu sé hugsanlega að renna sitt skeið. Það verður tekið til ítarlegrar skoðunar með matvælaframleiðendum.

En þrátt fyrir minnkandi aðsókn og minnkandi þátttöku sýnenda var það samdóma álit þátttakenda að framkvæmdin hefði tekist mjög vel og það væri e.t.v. ekkert verra þótt aðsóknin væri ekki meiri því að þá gæfist betri tími til að ræða við hvern og einn.

Ragnheiður Héðinsdóttir



Málin rædd



Áhuginn
leyrnir sér ekki



Gagarín á beinni braut

Upplýsingatæknifyrirtækið Gagarín, sem sérhæfir sig í að hanna efni fyrir gagnvirka miðla, var á þessu ári tilnefnt til að keppa til úrslita í landskeppni svonefndra Nýmiðunarverðlauna Sameinuðu þjóðanna, World Summit Award fyrir tvö verkefni sem fyrirtækið hannaði og framleiddi. Þau eru „Þjóð verður til“ fyrir Þjóðminjasafnið og „Ævi og verk Halldórs Laxness“ fyrir safn skáldsins að Gljúfrasteini en verkefnin voru tilnefnd í flokknum Menning

Gagarín hefur einbeitt sér að framleiðslu á menningartengdu margmiðlunarefni sérstaklega og hafa verkefni og lausnir fyrirtækisins á þessu sviði vakið verðskuldaða athygli. Guðný Káradóttir, framkvæmdastjóri, segir að fyrir á þessu ári hafi „Þjóð verður til“ einnig hlotið tilnefningu til Norrænu Möbius margmiðlunarverðlaunanna í flokknum menningararfleifið og listir. Árið 2004 hlaut Gagarín menningarverðlaun DV í flokknum hönnun fyrir að koma margmiðlun á framfæri í starfsemi safna með nýstárlegum hætti og lyfta sýningum á safni þar með á næsta stig.

Notendavænt gagnvirkt tölvuviðmót

Gagarín var stofnað árið 1994 og í fyrstu snerist starfsemin einkum um hönnun og umbrot en frá árinu 1996 hefur starfsemin meira beinst að hönnun og framleiðslu á gagnvirku efni fyrir tölvur og aðra gagnvirka miðla. Guðný segir að fyrirtækið búi yfir mikilli reynslu og sé leiðandi hér á landi á sviði efnisvinnslu á þessu sviði, bæði hvað varðar tækni og innihald. Auk hefðbundinnar margmiðlunar fæst fyrirtækið líka við vefsíðuhönnun og ráðgjöf.

Guðný leggur áherslu á að markmiðið sé að lausnir Gagaríns séu jafnan aðgengilegar og auðveldar í notkun þótt þær byggist oft á flókinni tækni.



Starfsfólk Gagaríns, Guðný Káradóttir framkvæmdastjóri fyrir miðri mynd

Margmiðlun í tíma og rúmi

„Markmið okkar er að auðga líf fólks með áhugaverðu og áhrifaríku stafrænu efni sem tekur mið af þörfum einstaklingsins og breyttum lífsstíl,“ segir Guðný. „Við vitum að fólk notar tölvuna geysilega mikið í afþreyingu og til að leita að efni svo að þetta er okkar fókus. Við einbeitum okkur að margmiðlun í tíma og rúmi því að mikið af því efni sem við framleiðum snýst um að segja sögur sem gerast á tilteknum stað á tilteknum tíma. Þess vegna höfum við lagt áherslu á að þróa tækni-

lausnir til birtingar á efni í tíma og rúmi.“

Fjölbreytt verkefni

Gagarín hefur unnið fyrir mjög fjölbreyttan hóp viðskiptavina - bæði innlendar stofnanir, ríki og sveitarfélög sem og fyrirtæki, þ.á.m. Þjóðminjasafnið, Alþingi og Reykjavíkurborg svo og fyrirtæki eins og Símann og Eimskip. Gagarín hefur einnig unnið fyrir erlend fyrirtæki, Ericsson í Svíþjóð og Danfoss í Danmörku og kanadískt fyrirtæki sem framleiðir efnarafala til vetnisvinnslu. Kynningarmynd sem framleidd var fyrir fyrirtækið hefur verið notuð í kynningarstarfi þess á sýningum á alþjóðavettvangi að sögn Guðnýjar.

Af öðrum verkefnum Gagaríns má nefna kortavefsjá sem m.a. er nýtt við upplýsingamiðlun á ferðavef Reykjavíkur visitreykjavik.is. Þar er að finna hvers kyns upplýsingar sem birtar eru í landfræðilegu samhengi og koma ferðamönnum að góðu gagni, s.s um gististaði og veitingahús. Þá á Gagarín heiðurinn af vefsjárviðmóti Borgarvefsjár Reykjavíkur en það er fjölbreytt fyrirspurn- og upplýsingakerfi þar sem m.a er hægt að sjá raflagnir og framkvæmdir á vegum borgarinnar. Guðný segir vaxandi eftirspurn eftir kortavef-



sjárkerfi fyrirtækisins þar sem um sé að ræða mjög hraðvirka lausn sem geri upplýsingamiðlun markvissari og áhugaverðari.

Gagarín hefur einnig unnið vefsíður og kynningarefni af ýmsu tagi eins og fyrir Bláa lónið, Símann, Eimskip og síðast en ekki síst fyrir heimssýningar sem Íslendingar hafa tekið þátt í erlendis, nú síðast í Japan.

Viðamikil margmiðlunarefni fyrir Þjóðminjasafnið

Gagarín sá um hönnun og framleiðslu margmiðlunarefnisins í Þjóðminjasafninu en starfsmenn og sérfræðingar safnsins sáu um handrit og efnisöflun. „Þetta var mjög viðamikil verkefni og það var mikill kostur að geta nýtt okkar tæknilausnir til að gera framleiðsluna auðveldari og birtinguna áhugaverðari,“ segir Guðný.

Um 25 manns unnu að verkefninu á vegum Gagaríns og 10-20 á vegum Þjóðminjasafnsins, þ.á.m. sérfræðingar af ýmsu tagi sem völdu viðeigandi tónlist, myndefni og sáu um handritsgerð. Margmiðlunarefninu er ætlað að varpa skýrara ljósi á sögulegt og pólitískt umhverfi hvers tíma og setja sýningargripina í nýtt og óvenjulegt samhengi við söguna. Meðal annars er manntalnu 1703 gerð skil, kristnitöku og siðaskiptum, þróun húsaðgerðar rakin og landnámi Íslands lýst á myndrænan hátt.

Margmiðlunarefni að Gljúfrasteini

Sem kunnugt er hefur fyrrum heimili Halldórs Laxness að Gljúfrasteini verið opnað almenningi sem safn um ævi og störf skáldsins. Þar má m.a. skoða margmiðlunarsýningu sem lýsir ævi og verkum Halldórs en auk þess er brugðið upp myndum úr sögu Íslands og umheimsins. Að sögn Guðnýjar er efnið sett fram á aðgengilegan hátt með myndrænum hætti á tímaás sem nær yfir alla 20. öldina. Gestir geta rakið sig gegnum æviskeið Halldórs, kynnst ritverkum hans og skoðað þau í samhengi við sögulega samtímaatburði.



Landsnámsbær lifnar við

Gagarín hefur unnið margmiðlunarefni um landnámsbæinn Hofstað í Garðabæ og hlaut fyrir það norræna viðurkenningu á síðasta ári. Guðný segir að við vinnslu á Hofstaðaverkefninu hafi bæði verið lagður grunnur að aðferðafræði og tækni sem síðan hefur verið byggt á í þróunarmálum fyrirtækisins. Á Hofstöðum er afað fróðleiks með aðferðum fornleifafræðinnar og Gagarín falið að miðla þeim fróðleik og útbúa útskýringar, m.a. með ljósmyndum og hreyfimyndum. Þar er miðlað mikilli almennri þekkingu um lífið á landnámsöld.

Sveigjanleiki mikilvægur

Guðný segir að sem betur fer sé meira að gera nú en oft áður, hvort sem það sé góðærinu að þakka eða að stafræn efnisvinnsla sé loks komin til



að vera sem alvöru iðnaður. Hún segir að fyrirtækið verði að vera sveigjanlegt og það þýði að ekki sé hægt að fast-ráða fólk í öll verkefni en leitað til sérhæfðra undirverktaka og samstarfsaðila þegar svo ber undir. Lykillinn að því að standa sig í slíkri starfsemi sé að hafa góðan kjarna starfsfólks, góða verkefnastjórnun og að forðast offjárfestingu og geta dregið saman seglin þegar þess gerist þörf.

Góð teikn á lofti

„Við höfum unnið í stafrænni efnisframleiðslu síðan 1996, mest í menningartengdu efni og það er fyrst núna sem við sjáum teikn á lofti um að umhverfið sé að taka við sér. Það má kannski þakka góðærinu að einhverju leyti og aukinni samkeppni almennt að fyrirtæki og opinberar stofnanir eru farin að leita til okkar í auknum mæli til að láta framleiða kynningar og vefi af ýmsu tagi. Tækninni fleygir hratt fram og nú fer gagnvirk sjónvarp bætast í flóru ólíkra miðla þar sem fólk getur valið að nálgast afþreyingar- og upplýsingaefni. Við stefnum ótrauð áfram á sömu braut en vonandi á stærri markaði með verkefni á erlendum vettvangi.“

Þóra Kristín Jónsdóttir

Sýningin Verk og vit 2006

- íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð

Sýningin Verk og vit 2006 verður haldin í nýju Íþrótt- og sýningahöllinni í Laugardal dagana 16.-19. mars. Þar verður megináhersla lögð á fagmennsku, aukna þekkingu og tækninýjungar í byggingariðnaði og mannvirkjagerð en á því sviði hafa orðið mjög örur framfarir undanfarin ár. Kynntar verða áhugaverðar nýjungar í íslenskri framleiðslu auk véla, tækja, hönnunar, ráðgjafar og þjónustu sem ýmis fyrirtæki bjóða. Þá fá skipulagsmál sveitarfélaga sérstakan sess þar sem þróun, einstök verkefni og framtíðarsýn verða kynnt.

Ráðstefnur og málþing

Í tengslum við sýninguna verða haldnar ráðstefnur og málþing þar sem m.a. verður fjallað um greiningu fasteignamarkaðarins, skipulagsmál, fjárfestingar og fjármögnun smárra sem stórra verkefna. Í tengslum við sýninguna standa Samtök iðnaðarins fyrir fundum um málefni bygginga- og verktakaiðnaðarins.

Samstarf margra aðila

Framkvæmd sýningarinnar er í höndum AP sýninga sem er í eigu AP almannatengsla ehf. en helstu samstarfsaðilar sýningarinnar eru iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Reykjavíkurborg, Samtök iðnaðarins, Ístak hf. og Landsbanki Íslands hf.

Fjölpættur ávinningur

Innlendir og erlendir aðilar hafa sýnt áhuga á þátttöku í sýningunni Verk og vit 2006. Ávinningur sýnenda getur orðið margvíslegur en sýningin er kjörinn vettvangur fyrir þátttakendur, m.a til að kynna vörur sínar og þjónustu, efla viðskiptasambönd og stofna til nýrra.

Glæsileg sýningaraðstaða

Nýja Íþrótt- og sýningahöllin í Laugardal er fjölnota sýningarhús með fimm þúsund fermetra sýningarsal og fullkomna aðstöðu fyrir fundi og ráðstefnur auk veitingaaðstöðu. Með tilkomu hennar verður nú í fyrsta sinn

hægt að bjóða fyrsta flokks fjölnota sýningarsvæði á Íslandi þar sem er hægt verður að sýna stórar vélar og tæki inni í sýningarsal í stað þess að koma þeim fyrir utandyra.

Yfirlitskort af sýningarsvæðinu



Samstarfsaðilar sýningarinnar Verks og vits 2006 ásamt framkvæmdaraðilum í nýju íþrótt- og sýningahöllinni í Laugardal. Á myndinni eru, f.v., Margit Elva Einarsdóttir framkvæmdastjóri sýningarinnar, Guðmundur P. Davíðsson, forstöðumaður fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands, Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri Samtaka iðnaðarins, Steinunn Valdís Óskarsdóttir borgarstjóri, Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra, Loftur Árnason, framkvæmdastjóri Ístaks, Áslaug Pálsdóttir framkvæmdastjóri AP almannatengsla og Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins (ljósm. Kristján Maack)

Upplýsingar um Verk og vit 2006

Opnunartími sýningar fyrir fagaðila:	Fimmtudagur 16. mars kl. 17:00 - 20:00	Föstudagur 17. mars kl. 10:00 - 18:00
Opnunartími sýningar fyrir almenning:	Laugardagur 18. mars kl. 12:00 - 17:00	Sunnudagur 19. mars kl. 12:00 - 17:00
Helstu viðburðir á vegum sýnenda:	Fimmtudagur 16. mars kl. 13:00 - 16:00	
	Ráðstefna um skipulagsmál, Fjármögnun verkefna og þróun fasteignamarkaðarins	
	Fimmtudagur 16. mars kl. 16:30 Formleg opnun fyrir boðsgesti	
	Laugardagur 18. mars Kynningarfundir um skipulagsmál sveitarfélaga	

Félagsmenn SI fá 20% afslátt af grunngjaldi, þ.e. sýningarsvæði með eða án sýningarkerfis ef þeir skrá sig fyrir 28. október 2005

Aðrir viðburðir verða kynntir síðar.

Verð: Sýningarrými eingöngu kr. 16.900 per m²,
sýningarrými með skilrúmum kr. 19.900 per m².

Innisvæði fyrir stórar vélar og tæki kr. 16.900
per m² - m.v. 0-50 m² kr. 12.900 per m² - m.v.
50-100 m²kr. 9.900 per m² - m.v. 100+ m².

Þeir sem skrá sig á sýninguna fyrir 28. október
nk. fá 10% afslátt af grunngjaldi, þ.e. sýningar-
svæði með eða án sýningarkerfis.

Sýnendur með tveggja hæða bása greiða
aukagjald að upphæð kr. 30.000 auk framan-
greinds gjalds.

Hver sýnandi greiðir kr. 11.500 vegna
öryggisgæslu, þrifa og sorphirðu. Rafmagn og

nettengingar greiðast aukalega.

Sýnendur bera ábyrgð á að tryggja sýningar-
gögn, tækjabúnað og muni sem tilheyra þeim.

Verð er án vsk.

Skráning og frestur

Skráningarform er að finna á www.verkogvit.is
og www.appr.is en þar er einnig að finna nánari
upplýsingar um sýninguna.

Skráning þarf að berast eigi síðar en 1. febrúar
2006. Eftir þann tíma er ekki hægt að ábyrgjast
fleiri bókanir.

Greiðsluháttur

Þátttöku- og sýningargjald greiðist í tvönu
lagi, fyrri hluti við skráningu og síðari hluti í

byrjun janúar 2006. Reikningar verða sendir
þátttakendum.

Afbókanir skal senda AP sýningum á netfangið
verkogvit@appr.is.

Sérstök athygli er vakin á því að greiðslur eru
óendurkræfar.

Sýningarkerfi og aukahlutir

Innifalið í sýningarrými með skilrúmum eru
skilveggir með plötum, eitt ljós á hverja 2,5
fermetra og ein merking framan á sýningarbás -
allt að 10 stafir. Aukahluti skal panta hjá Fag-
kynningu ehf., Smiðjuvegi 72, 200 Kópavogi, sími
588 0777 / veffang www.fagkynning.is.

Verk og vit 2006

Kynningarfundur fyrir félagsmenn Samtaka iðnaðarins

Félagsmenn Samtaka iðnaðarins eru boðnir velkomnir á opinn kynningarfund um sýninguna
Verk og vit 2006 - íslenskur byggingariðnaður, skipulagsmál og mannvirkjagerð.

Fundurinn fer fram í Húsi atvinnulífsins að Borgartúni 35, 6. hæð, fimmtudaginn 6. október nk. kl. 08:15

Dagskrá:

08:15 Léttur morgunverður.

08:30 Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri
SI, fjallar um aðkomu Samtakana að sýningunni
Verk og vit 2006.

08:40 Margit Elva Einarsdóttir, framkvæmdastjóri
Verks og vits 2006, greinir frá skipulagi,
undirbúningi og framkvæmd sýningarinnar.

08:50 Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri SI segir frá
reynslu Samtakanna og þátttakenda af
sýningarhaldi og þátttöku í slíkum sýningum.

09:00 Umræður.

Skráning á kynningarfundinn þarf að berast eigi síðar
en þriðjudaginn 4. október nk. á skraning@si.is. Nánari
upplýsingar veitir Jóhanna Birgisdóttir hjá AP sýningum í
síma 511 1230 eða á www.verkogvit.is

AP sýningar bjóða til fundarins

Framfara- og efnahagsstofnunin

Ísland eyðir mest OECD-ríkja í menntamál

Nýlega gaf Framfara- og efnahagsstofnunin (OECD) út ritið "Education at a Glance, OECD Indicators 2005." Þar kemur fram að Íslendingar vörðu 7,4% af vergri landsframleiðslu árið 2002 til menntamála og er Ísland komið í efsta sæti meðal OECD ríkja hvað þessi útgjöld varðar.

Ritið er gefið út á nokkurra ára fresti. Um er að ræða tölfræðilega úttekt á menntun í löndum OECD. Tölurnar eru aðallega frá skólaárinu 2002-2003.

Menntun og mannaúður

Í riti OECD kemur fram að menntun hefur mikið gildi í uppbyggingu hagkerfa og samfélaga. Mannauður er lykilatriði í hagvexti og í bættri afkomu fólks. Upplýsingar benda til þess að menntun hafi áhrif á heilsu þess og félagslega líðan. OECD telur að sum ríki þurfi að gera meira til að bæta aðgengi fólks að símenntun og starfsþjálfun eftir að skólagöngu er lokið. Vísendingar eru um að símenntun bjóðist frekar þeim sem þegar eru í starfi og hafa mikla menntun fyrir.


Menntun er lykillinn að atvinnu og í flestum OECD löndum hækkar menntunarstig íbúanna. Að jafnaði hafa þrír af hverjum fjórum íbúum OECD landa sem fæddir eru á 8. áratug síðustu aldar lokið framhaldsskólastigi en einungis helmingur íbúa sem fæddir eru á 5. áratug síðustu aldar. Menntun á framhaldsskólastigi leggur grunninn að starfi á vinnumarkaði, að sögn OECD.

Menntun og tekjur

Niðurstöður rannsókna benda til þess að munur á tekjum þeirra sem hafa meiri menntun og þeirra sem hafa minni menntun fari vaxandi. Auk þess eru íbúar, sem ekki hafa framhaldsskólamenntun, í aukinni hættu á að verða atvinnulausir. Frá árinu 1997 jókst tekjumunur milli þeirra sem hafa lokið háskólaprófi og þeirra sem eingöngu hafa lokið framhaldsskólastigi í 22 af 26 OECD löndum. Sá tekjumunur er frá um 25% upp í 119% í OECD ríkjum. Konur fá ennþá lægri laun en karlar á sama menntunarstigi og er algengt að konur fái 60-80% af launum karla á sama menntunarstigi. Nokkur munur er á því hvernig laun dreifast hjá fólki sem hefur lokið sama menntunarstigi. Enda þótt algengast sé að þeir, sem hafi lokið meiri menntun, hafi hærra tekjur er það einnig til að fólk með mikla menntun sé í lægri tekjuhópnum en það bendir til þess að ávöxtun af menntun sé mismikil innan landanna.

Útgjöld til menntamála

Heildarútgjöld Íslendinga til menntamála námu 7,4% af vergri landsframleiðslu árið 2002 og er Ísland komið í efsta sæti meðal OECD ríkja hvað þessi útgjöld varðar. Næst koma



Bandaríkin með 7,2%. Meðaltal OECD ríkja árið 2002 er 5,8%. Heildarútgjöld Íslendinga til menntamála hafa aukist úr 6,7% af vergri landsframleiðslu árið 2001. Ef eingöngu eru skoðuð opinber útgjöld til menntunar er Ísland í 5. sæti meðal OECD ríkja og fara 15,6% opinberra útgjalda til menntunar hér á landi. Almennt má segja að aldursdreifing þjóðanna hafi veruleg áhrif á hvers kyns samanburð útgjalda til menntamála. Þegar litið er til útgjalda á hvern nemanda frá grunnskóla til háskóla er Ísland í 9. sæti OECD ríkja með 7.548 Bandaríkjadali á hvern nemanda í fullu námi en meðaltal OECD ríkja er 6.687 Bandaríkjadali. Ísland ver talsvert yfir meðaltali OECD ríkja til menntunar á grunnskólastiginu en er rétt undir meðaltali hvað varðar útgjöld á nemanda á framhaldsskólastigi (14. sæti). Ísland ver 8.251 Bandaríkjadöllum á nemanda á háskólastigi sem er um 2.400 Bandaríkjadöllum undir meðaltali OECD ríkja (17. sæti).

Fjármögnun menntunar

Í mörgum OECD löndum er fjármögnun menntunar að breytast. Þannig treysta margir háskólar nú meira á einka-fjármagn en áður, t.d. með innheimtu skólagjalda. Einnig bendir OECD á að útgjöld og góður árangur nemenda fari ekki alltaf saman. Þannig verja t.d. Finnland, Holland, Japan og Kórea nálægt meðaltali OECD ríkja til grunnskólans en samt sýna nemendur þeirra mjög góðan árangur í PISA rannsókninni sem nær til 15 ára nemenda.

Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað hratt hér á landi

undanfarin ár eins og í mörgum OECD löndum. Frá 1995 til 2003 fjölgaði nemendum á háskólastigi á Íslandi um 83%. Ef núverandi innritunarhlutfall í háskólanám helst óbreytt mun rúmlega helmingur ungs (53%) fólks í OECD löndum stunda fræðilegt háskólanám einhvern tímann á lífsleiðinni. Ísland hefur hæsta innritunarhlutfall allra OECD landa í fræðilegt háskólanám og munu 83% ungs fólks á Íslandi stunda fræðilegt háskólanám ef núverandi innritunarhlutfall helst. Innritunarhlutfall er reiknað þannig að fundið er hlutfall nýinnritaðra eftir aldri af mannfjölda á sama aldri og síðan lagt saman fyrir alla aldurshópa. Þetta háa innritunarhlutfall á Íslandi skýrist að hluta til af fjölda eldri háskólanema. Svo hátt innritunarhlutfall helst því væntanlega ekki til lengdar þar sem fjöldi eldra fólks, sem aldrei hefur stundað háskólanám, er takmarkaður.

Rekstrarform skóla

Mikil umræða hefur farið fram í OECD löndunum um það hvort einkaskólar veiti betri menntun en opinberir skólar. Í ritinu er skoðað hvort munur sé á gæðum menntunar eftir rekstrarformi skóla og er frammistaða 15 ára nemenda í PISA könnuninni notuð í þeim tilgangi. OECD segir að sá samanburður sé flókin þar sem aðbúnaður nemenda og starfsmanna og stjórnun skóla sé mismunandi innan OECD landanna. Niðurstöðurnar sýna að í 9 af 22 OECD löndum standa nemendur einkaskóla sig betur en í tveimur löndum nemendur opinberra skóla. Ljóst er að einkaskólar eru gjarnan dýrari kostur fyrir foreldra þar sem þeir innheimta oft skólagjöld. Þegar niðurstöðurnar hafa verið leiðréttar með tilliti til félagslegs bakgrunns nemenda og félagslegrar samsetningar skólahverfisins er ekki lengur merkjanlegur munur á frammi- stöðu nemenda einkaskóla og opinberra skóla.

Hvaða þýðingu hafa upplýsingar OECD fyrir atvinnulíf á Íslandi?

Þessi reglubundna samantekt OECD er afar gagnleg og hefur t.a.m. mikla þýðingu fyrir atvinnulífið þar eð mennta- kerfið er orðið ein mikilvægasta stoðin fyrir framsækið atvinnulíf.

Hröð fjölgun nemenda á háskólastigi hér á landi felur því í sér mikil tækifæri fyrir atvinnulíf morgundagsins. Hún er lykillinn að uppbyggingu þekkingarþjóðfélags sem elur af sér fyrirtæki með mörg dýrmæt störf. Á hinn bóginn má spyrja um þýðingu hás hlutfalls landsframleiðslu til menntamála á Íslandi. Er það vísbending um mikil gæði eða sóun? Er fjármagninu nógu vel varið? Spyrja má hvernig þetta mikla fjármagn nýtist í menntun sem atvinnulífið leggur áherslu á, t.d. iðnmenntun og verk- og tæknifræði. Það verður ekki lesið út úr þessum upplýsingum. Þær spurningar kalla á frekari umræðu.

Byggt á frétt frá Hagstofu Íslands - Ingi Bogi Bogason

Byggingakostnaðar vanmetinn



Fasteignamarkaðurinn hefur mikið verið til umræðu undanfarna mánuði enda hefur fasteignaverð hækkað mikið. Í tengslum við þá umræðu hafa ýmsir, einkum greiningardeildir bankanna, bent á að hagur byggingaverktaka sé afar góður um þessar mundir og að markaðsverð á húsnæði sé um 30% yfir kostnaðarverði nýbyggingar. Í þessum samanburði eru markaðsvirði fasteigna og vísitala byggingakostnaðar lögð til grundvallar. Þessi framsetning er röng og gefur ekki rétta mynd af afkomu í greininni. Umræðan er til þess fallin að skapa tortryggni í garð byggingaverktaka. Sem betur fer gengur vel hjá mörgum byggingaverktökum um þessar mundir en árin á undan voru greininni hins vegar erfið.

Ástæða þess að fyrrnefnd framsetningin er röng er margþætt en tengist að mestu mælingum Hagstofunnar á byggingakostnaði.

Lóðakostnaður er ekki reiknaður inn í vísitölu byggingakostnaðar en gera má ráð fyrir að sá kostnaður geti numið allt að 15-20% af kostnaði nýbyggingar á höfuðborgarsvæðinu.

Launakostnaður við húsbýggingar í byggingavísitölunni tekur ekki mið af raunverulegum launum sem greiða þarf starfsfólki heldur eingöngu samningsbundnum launum. Þau laun eru í litlu samræmi við markaðslaun og breytingar á þeim. Laun vega 40% í vísitölunni og því er um verulega skekkju að ræða, einkum á uppgangstímum eins og nú er.

Fjármagnskostnaður byggingaraðila er ekki tekinn með í útreikning á byggingakostnaði. Útlán til byggingaverktaka námu 15,3 milljörðum í júní sl. og af þeim þarf að greiða vexti á meðan fasteign er í byggingu.

Húsnæðið, sem byggingavísitalan leggur til grundvallar í mælingum sínum, var byggt árið 1985. Húsnæði, sem nú er byggt er verulega frábrugðið því sem var fyrir 20 árum og gefur því ranga mynd af raunverulegum kostnaði.

Að mati SI gerir fyrrnefndur samanburður á markaðsvirði fasteigna og vísitölu byggingarkostnaðar ranga mynd af byggingamarkaðnum þar sem vísitalan vanmetur verulega veigamikla kostnaðarliði við nýbyggingar.

Bjarni Már Gylfason

Hallæris- góðæri!

Nú þegar hið svokallað góðæri í byggingariðnaði hefur staðið í nokkur misseri má ætla að hagur verktaka og birgja blómstri sem aldrei fyrr. Góðærið kallar eftir löngum vinnudegi og langri vinnuviku og 48 til 64 tíma vinnuvika er ekki fátíð hjá mörgum fyrirtækjum þegar mikið er að gera og menn vilja komast yfir mörg verk á sem stystum tíma. Stjórnendum margra fyrirtækja, sem hafa fengið í hendur og rýnt milliuppgjör vegna reksturs fyrri hluta líðandi árs, brá í brún þegar uppgjörð sýndi lakari afkomu heldur en þeir eiga að venjast í árferði án góðæris.

Ekki er allt gull sem glóir

Á þessum ágætu góðæristímum ætla margir sér um of og taka ekki tillit til þess aukna kostnaðar sem fylgir eftirvinnu þegar þeir bjóða í verk eða verðleggja vinnu sína að öðru leyti.

Ef eftirvinnuálag er 80% á dagvinnu og unnið er að jafnaði 8 tíma í yfirvinnu á viku hækkar launakostnaður við framleiðslu um tæp 17% og allt að 40% ef unnið er báða helgidagana að auki. Því hærra hlutfall sem framleiðslulaun eru af veltu því óhagstæðara verður mikil yfirvinna fyrir fyrirtækin.


Dæmi

Hér að neðan eru dæmi miðuð við fyrirtæki sem eru með jafnt hlutfall framleiðslulauna og hráefnis eða 40% af veltu. Dæmið er sett þannig upp að gert er ráð fyrir framleiðsluaukningu sem nemur 20%, 40% og 60% og að aukningin eigi sér öll stað með aukinni eftirvinnu. Ekki er gert ráð fyrir minnkandi framleiðni vegna mikils vinnuálags.

Sala	Hráefni	Dagvinna	Eftirvinna	Framlegð	Minni framlegð
100.000.000	40.000.000	40.000.000		20.000.000	
120.000.000	48.000.000	40.000.000	14.400.000	17.600.000	- 2.400.000
140.000.000	56.000.000	40.000.000	28.800.000	15.200.000	- 4.800.000
160.000.000	64.000.000	40.000.000	43.200.000	12.800.000	- 7.200.000

Hér kemur berlega fram að aukin verkefni, að gefnum forsendum, koma niður á afkomu fyrirtækisins í beinu hlutfalli af aukinni eftirvinnu.

Á myndinni, sem er af sama dæmi, má berlega sjá hlutfallslega stígandi í kostnaði og minnkandi framlegð þegar



verkefni eru unnin út frá öðrum forsendum en álagning gerir ráð fyrir. Við að auka veltuna um 60% með eftirvinnu hækkar launakostnaður um rúmlega 100% og framlegðin minnkar að sama skapi um 36%.

Aukin álagning

Það er að sjálfsögðu mjög misjafnt hvaða áhrif langur vinnudagur hefur á afkomuna. Í sumum tilvikum, þar sem t.d. fastur kostnaður er mjög hár, getur dæmið snúist við og langur vinnutími aukið framlegð. Aðalatriðið er að ákvarðanir séu teknar út frá þekkingu og eigin rekstrarforsendum en ekki til þess eins að gína yfir öllu sem að höndum ber.

Því miður virðast ótrúlega margir stjórnendur fyrirtækja ekki gefa sér tíma til að skoða eigin rekstur með þessum formerkjum og sá misskilningur virðist vera ríkjandi að aukin verkefni skili alltaf betri afkomu. Starfsmenn njóta góðs af mikilli eftirvinnu og bera meira úr bótum en ella. Ef hækkandi launakostnaður og minni framleiðni vegna langs vinnudags eru hins vegar ekki reiknuð inn í vöruverð kemur það fram sem lakari afkoma fyrirtækisins sem því nemur.

Að nota þekkingu til að stjórna

Samtök iðnaðarins hafa í allmörg ár hvatt félagsmenn sína til að byggja rekstur sinn á raunhæfum forsendum en ekki tilfinningunni einni saman. Samtökin hafa í þessu sambandi látið útbúa kostnaðarforritið TAXTA sem er nú að koma út í þriðja sinn í nýrri og bættri útgáfu. Forritið er mjög einfalt í notkun. Tölur úr bókhaldi ásamt upplýsingum um sérhvern starfsmann eru settar inn í forritið sem kemur jafnharðan með upplýsingar um nauðsynlega álagningu út frá gefnum forsendum. Ef aðstæður breytast, vegna hærri kostnaðar eða aukinni eftirvinnu, er fljótlegt að breyta forsendum og kalla með því fram nýja niðurstöðu. Hjá Samtökunum má finna ýmis önnur hjálpartæki til að reikna út kostnað og framlegð með auðveldum og skjóttum hætti. Stjórnendum getur reynst erfitt að meta og ákveða hvað sé réttast að gera þegar

Dagur byggingariðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október 2005

Í október 2003 efndu Samtök iðnaðarins og Meistarafélag iðnaðarmanna í Hafnarfirði til Dags iðnaðarins í Hafnarfirði. Að mati þátttakenda tókst dagurinn afbragðsvel og hefur því verið ákveðið að efna til nýs Dags iðnaðarins í Hafnarfirði laugardaginn 15. október nk.

Búið er að taka frá samkomusalinn í Íþróttamiðstöð Hauka á Ásvöllum en þar verður sett upp upplýsingamiðstöð og sýning þar sem iðnaðarmenn, verktafar og framleiðendur taka á mót

þeim sem hafa t.d. áhuga á að fjárfesta í nýbyggingu í Vallarhverfi. Ópið hús, verkstæði og verksmiðjur verða auglýstar sérstaklega með kynningarefni. Dagurinn verður kynntur ítarlega í fjölmiðlum, m.a. með auglýsingum í sjónvarpi, útvarpi og blöðum en að auki er ráðgert að gefa út 8-12 síðna sérblað Íslensks iðnaðar sem dreift yrði víða. Má því búast við að Dagur iðnaðarins í Hafnarfirði vekji töluverða athygli almennings og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu og nágrenni.

Þess er vænst að fyrirtæki og stofnanir í Hafnarfirði, meistarar, byggingaverktakar, birgjar þeirra og samstarfs- og söluaðilar taki virkan þátt í dagskránni og undirbúningi hennar. Til kynna þarf þátttöku á þar til gerðu eyðublaði sem fæst hjá SI og MIH.

Nánari upplýsingar veita Friðrik Ágúst Ólafsson framkvæmdastjóri MIH í síma 555 2666, netfang mih@mmedia.is, og Brynjar Ragnars-son markaðsstjóri SI í síma 591 0100, netfang brynjar@si.is.



Hallærisgóðæri! - frh.

aðstæður breytast nema þeir búi yfir þekkingu á staðreyndum úr rekstrinum.

Tíma- og verkskráning

Ein mikilvægasta þekking hvers framleiðslufyrirtækis er nákvæmar tíma- og verkskráningar sérhvers verks og verkþáttar. Með slíkar upplýsingar á reiðum höndum geta stjórnendur vegið, metið, skipulagt og reiknað þegar á þarf að halda og tekið ákvarðanir byggðar á eigin forsendum. Eitt af því sem Samtökin hafa stuðlað að er þróun á tíma- og verkskráningarforritinu Timon sem er sérhannað forrit þar sem starfsmenn verktakafyrirtækja geta stimplað sig inn í sérhvert verk hvar sem þeir eru í símasambandi. Tímarnir safnast upp í kerfinu sem er vistað á Netinu og stjórnendur geta síðan skoðað og prentað út upplýsingar hvar sem þeir eru nettengdir. Nánari upplýsingar um tæki og tól til betri stjórnunar má finna á vefsetri SI www.si.is eða hjá Ferdinand Hansen starfsmanni SI.

Nýir félagsmenn Samtaka iðnaðarins

Grillið salatger ehf.
Hólshrauni 5A
220 Hafnarfirði
Matvælaíðnaður

CCP hf.
Klapparstíg 28
101 Reykjavík
Upplýsingatækniíðnaður

ATH markaðslausnir ehf.
Skeifunni 8
108 Reykjavík
Prentiðnaður

Smíðandi ehf.
Eyrarvegi 55
800 Selfossi
Mannvirkjagerð

Petromodel ehf.
Borgartúni 20
105 Reykjavík
Sprotafyrirtæki

Líf-Hlaup ehf.
Hofsvallagötu 53
107 Reykjavík
Líftækniíðnaður

Ráðstefna á Grand Hótel miðvikudaginn 28. september 2005

Hreinn ávinningur



Hvað er að græða á umhverfisstarfi fyrirtækja?

Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands, Umhverfisfræðsluráð og Samtök iðnaðarins efna til ráðstefnu á Grand Hótel, miðvikudaginn 28. september. Þar verður fjallað um hreinan ávinning fyrirtækja af umhverfisstarfi.

Dagskráin hefst kl. 8:30 en að henni lokinni er gestum boðið í hádegisverð.

Dagskrá:

- 08:30 **Opnunarávarp**
Ari Edwald, framkvæmdastjóri SA
- 08:40 **Umhverfisstjórnun**
Kynning á umhverfisstjórnkerfum sem fyrirtæki á Íslandi vinna eftir:
- Stefán Gíslason, Umís
- Ólafur Stolzenwald, Hjá Guðjónó
- Guðrún Þóra Magnúsdóttir, Alcan
- Guðrún Bergmann, Ferðaþjónustan Helnum
- 09:40 Kaffihlé
- 10:00 **Umhverfisstarf í fyrirtækjum**
Þýðing umhverfisstarfs fyrir ímynd fyrirtækja og menningu, almenna starfsmenn og samkeppnishæfni.
- Guðbjörg Erna Guðmundsdóttir, Þrim
- Guðmundur Pálsson, Tæknival
- Haukur Harðarson, Mimir-simennnun
- Pétur Helgason, Vífilfell
- 11:00 **Kostnaður og ágóði af umhverfisstarfi**
Fjárhagslegur ávinningur: Lægri vextir? Hærrí tekjur en gjöld?
- Jón Ingimarsson, Íslandsbanki
- Steinn Kárason, Umhverfisfræðsluráð
- Pálmar Sigurðsson, Hópbílar
- 11:50 **Lokaorð**
Sigríður Anna Þórðardóttir, umhverfisráðherra
- 12:00 Hádegisverður fyrir fundargesti
- Ráðstefnustjóri: Katrín Jakobsdóttir**

Tilkynna þarf þátttöku á netfangið skraning@si.is fyrir 26. september n.k. Vinsamlegast tilgreinið nafn þátttakanda, nafn fyrirtækis/stofnunar og kennitölu greiðanda. Ráðstefnugjald eru kr. 5.000 á mann. Nánari upplýsingar veitir Bryndis Skúladóttir hjá SI í síma 591 0100, netfang bryndis@si.is.